

Alþingi

Erindi nr. P 137/205

komudagur 16.6.2009

38. mál

Til utanríkismálanefndar Alþingis vegna umsóknar Íslands um aðild að ESB.

Dr. Gísli Hjálmtýsson, stjórnarformaður Thule Investments.

Ég rita þetta bréf til að styðja það að Ísland sækir um aðild að ESB sem fyrst. Ég tel að fyrir því liggi mjög mörg rök og að hagsmunir þeir sem knýja á um aðild vegi margfalt þyngra en þeir hagsmunir sem kunnu að verða fórnað. Margrætt er um þá ótvíræðu hagsmuni sem snúa að upptöku stöðugs gjaldmiðils og endurreisn trausts á Íslandi og framtíð Íslands. Ég tel að valið snúist um framtíðarsýn, annað hvort sem hluti af ESB eða sem einangrað örríki.

Aðild að ESB er framtíðarsýn um að einstaklingar og fyrirtæki muni í meginatriðum búa við stöðugleika og sömu starfsskilyrði og samkeppnisaðilar erlendis. Ég tel að aðild að ESB sé ein af grundvallarforsendum fyrir uppbyggingu fjölbreytilegs atvinnulífs sem nýti menntun og mannauð þjóðarinnar. Kjósum við að einangra okkur utan ESB, tel ég einsýnt að við munum búa til lengri tíma við gjaldeyrishöft, ónóga erlenda fjárfestingu, lánsfjárrúð og fábreytt hrávöruatvinnulíf sem mun leiða til umtalsvert lakari lífskjara en í okkar samkeppnislöndum. Framtíðarsýn einangrunar, þar sem hagsmunir stóriðju, sjávarútvegs og landbúnaðar eru í öndvegi, mun hvetja til flóttu fólks og fyrirtækja, og einkum menntafólks og hátæknifyrirtækja.

Nú er talað um að nýsköpun og mannauður verði grunnur að endurreisn Íslands. Ég hef starfað í meira en 20 ár að nýsköpun, sem rannsakandi, frumkvöðull og fjárfestir í nýsköpun bæði í USA og á Íslandi. Mörg þeirra félaga sem Thule investments fjárfestir í eru í samfélögum á stærð við Ísland (s.s. Manchester, New Hampshire) eða búa við sambærilega einangrun (t.d. Belfast, Norður Írlandi). Þá höfum við fjárfest í Reykjavík (t.d. CCP) og Akureyri (t.d. Theriak) og víðar. Frá sjónarmiði fjárfestis, jafnvei þeirra sem fjárfesta í nýsköpun og taka umtalsverða áhættu, er áhætta af fjárfestingu á Íslandi meiri en annars staðar, vegna óstöðugleika, gjaldmiðils, einangrunar og seljanleika; þetta á við í góðu árferði, t.d. 2005. Fyrir þessa áhættu fær fjárfestir í nýsköpun á Íslandi enga umbun umfram það sem hann fær annars staðar þar sem þessir þættir eru ekki fyrir hendi. Fyrir vikið er aðgengi nýrra fyrirtækja að fjármagni á Íslandi umtalsvert verra en annars staðar og dæmi um fjárfestingar erlendra aðila í nýsköpun á Íslandi örfá og að mestu bundin við stóriðju og viðlíka verkefni, og þá oftast með aðkomu ríkisins. Jafnvel stjarna eins og CCP fékk enga fjármögnun erlendis, þrátt fyrir talsverða eftirleit, og fyrsti erlendi hluthafi félagsins kom til einungis eftir að félagið hafði sögu af umtalsverðu erlendu fjárstreymi og hagnaðarrekkstri.

Einangrun Íslands, langvarandi höft á fjármagnsflutningum, eigin mynt, og aðrar sérlausnir minnka enn frekar möguleika Íslenskra sprotafyrirtækja til fjármögnunar. Framtíðarsýn sem byggist á inngöngu í stöðugt peninga- og regluumherfi ESB, mun gera íslensk nýfyrirtæki samkeppnisfær um aðgengi að fjármagni til vaxtar, og leggja þannig grunn að endurreisn sem hámenntuð ungmenni landsins munu kjósa að taka þátt í.